

## Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Dalvíkurbyggðar

1. gr.

### *Tilgangur*

Reglum þessum er ætlað að auka aðgang íbúa Dalvíkurbyggðar að gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglugerðir heimila sem og í samræmi við stefnur Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

### *Gildissvið*

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir ráð og nefndir Dalvíkurbyggðar á vef sveitarfélagsins.

3. gr.

### *Meginreglan um birtingu gagna*

Almenna reglan er að birta skal öll gögn á vef Dalvíkurbyggðar, [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is), sem lögð eru fyrir ráð og nefndir sveitarfélagsins, nema undantekningareglur 4. og 5. gr. reglna þessa eða lög hindri slíka birtingu.

Erindi frá einstaklingum eru ekki birt að frumkvæði sveitarfélagsins á vef Dalvíkurbyggðar. Með erindi frá einstaklingum og/eða hópi einstaklinga þarf að koma fram með skýrum hætti ósk um birtingu.

Gögn með tillögum og/eða erindum sem eiga eftir að hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar eru ekki birt fyrr en fundagerðir og mál hafa fengið umfjöllun og afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. gr.

### *Gögn sem óheimilt er að birta*

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- (i) Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- (ii) Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt máli skuli höfðað.
- (iii) Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- (iv) Gögn er tengjast málefnum einstakra starfsmanna.

- (v) Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.
- (vi) Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

#### 5. gr.

*Gögn sem ekki er skylt að birta*

EKKI er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- (i) Gögn er varðar tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmólefni sveitarfélaga.
- (ii) Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- (iii) Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

#### 6. gr.

*Hver tekur ákvörðun um birtingu gagna.*

Formaður viðkomandi fagráðs eða nefndar tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar í samráði við viðkomandi sviðsstjóra og/eða starfsmann fagráðs eða nefndar. Forseti sveitarstjórnar í samráði við sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar sveitarstjórnar.

Fyrir skal liggja í fundagerðakerfi fyrir hvern fund tillaga starfsmanns að birtingu gagna til umfjöllunar eftir lok fundar.

Ritari / skjalavörður yfirfer birtingu gagna eftir lokun fundargerða, þá hvort að gögn hafi verið birt og þá í samræmi við þessar reglur.

#### 7. gr.

*Upplýsingaráettur*

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingaráett almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90 / 2018.

**Samþykkt á 888. fundi byggðaráðs þann 29.11.2018.**

**Samþykkt á 308. fundi sveitarstjórnar þann 18.12.2018.**